

## **51. stjórnarfundur haldinn í Ásbyrgi þann 12. október 2011.**

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir, varaformaður, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Hjalti Þór Vignisson, Snorri Ingimarsson og Sigrún Helgadóttir. Elína Heiða Valsdóttir var í síma.  
Einnig: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Hjalti ritar fundargerð.

Kristveig bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár kl. 10:30.

### **1. Samþykki dagskrár**

Kristveig gerði tillögur um breytingar á dagskrá. Samþykkt.

### **2. Samþykki fundargerðar 21. september 2011**

Fundargerð lögð fram, en bíður samþykktar.

### **3. Rekstrarmál 2011**

Þórður kynnti rekstraruppgjör fyrstu 9 mánuði. Kemur fram að gjöld umfram tekjur eru 7,1 m.kr.. Skýring er fyrst og fremst lægri sértekjur en áætlað hafði verið.

### **4. Frumvarp til fjárlaga**

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu kemur fram að framlög lækka samtals um 14,8 m.kr. að raungildi, þar af eru 4,5 m.kr. lækkun til rekstrar vegna aðhaldsmarkmiða, 0,3 m.kr. lækkun er einnig á rekstur vegna aukinnar endurgreiðslu á virðisaukaskatti og að síðustu eru fluttar 10 m.kr. úr svokölluðum gistináttasjóði, af framkvæmdalið Vatnajökulspjóðgarðs til Ust. Stjórnin ræddi fjárlögin ítarlega. Fjallað var um mikilvægi þjóðgarðsins fyrir nýtt átak í að kynna Íslands sem áningarstað allt árið um kring. Stjórnarmenn voru sammála um að ef vel á að takast til við uppbyggingu ferðaþjónustu allt árið þurfi lykilverðamannastaðir að vera í stakk búnir til að taka á móti ferðamönnum. Bent var á að Samband sveitarfélaga á Suðurlandi hafi gert tillögu um uppbyggingu Vatnajökulspjóðgarðs í tveimur af sjö verkefnum sem það sendi frá sér í tengslum við Sóknaráætlun 2020. Einnig að landshlutasamtök á Norðausturlandi hafi lagt áherslu á uppbyggingu Dettifossvegar. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs varð sammála um eftirfarandi bókun sem formanni og framkvæmdastjóra er falið að koma á framfæri við ráðuneytið:

*„Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs lýsir yfir verulegum áhyggjum af fjárveitingum til Vatnajökulspjóðgarðs eins og þær birtast í frumvarpi til fjárlaga 2012. Eru þær ekki í neinu samræmi við þau áform sem uppi voru þegar þjóðgarðurinn var stofnaður, hvorki til uppbyggingar innviða né rekstrar. Svigrúm til niðurskurðar hjá nýrri stofnun í*

*uppbyggingarferli er augljóslega lítið ef nokkurt. Stjórn vill minna á að árið 2011 hafi garðurinn stækkað sem nemur Langasjó og Eldgjá og í umræðunni er að þjóðgarðinn verði stækkaður yfir vesturhluta Jökulsárlóns og Breiðarmerkursands. Það felur í sér skyldur til uppbyggingar. Mikilvægt er að byggja upp starfsemi og rekstur garðsins í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun garðsins og áform um fjölgun ferðamanna á Íslandi allt árið.*

*Stjórn Vatnajökulspjódgarðs vill benda á að sveitarfélög á nærsvæði garðsins leggja mikla áherslu á uppbyggingu Vatnajökulspjódgarðs sem meðal annars birtist í tillögum einstakra landshlutasamtaka sveitarfélaga í Sóknaráætlun 2020.“*

## **5. Sameining stofnana-Vatnajökulspjódgarður**

Kristveig fór yfir málið. Sagði forkönnun eigi að ljúka um miðjan október og hvatti stjórnarmenn til að senda sínar hugleiðingar til Stjórnháttá. Sagði jafnframt það sinn skilning á lögum um Vatnajökulspjódgarð að ráðuneytið geti tæplega ráðist í sameiningu stofnana nema að undangengnu samráði við sveitarfélögin. Björn Ármann upplýsti að ekkert samráð hefði verið haft við landshlutasamtök á Austurlandi og sveitarfélögin sem land eiga að garðinum. Böðvar og Hjalti sögðu sömu stöðu uppi á þeirra svæðum.

Snorri sagði mikilvægt að stjórnfyrikomulag Vatnajökulspjódgarðs ætti að taka upp ef ný stofnun verður stofnuð. Einnig að grundvallaratriði væri að allir þjóðgarðar yrðu hluti af nýrri stofnun, ekki aðeins þeir sem heyra undir umhverfisráðuneytið.

Stjórn er sammála um mikilvægi þess að virða bráðabirgðarákvæði í lögum um Vatnajökulspjódgarð um samráð við sveitarfélög um breytingar á stjórnfyrikomulagi þjóðgarðsins. Formanni og framkvæmdastjóra falið að koma þessari áherslu á framfæri við umhverfisráðuneytið.

Elín Heiða vék af fundi kl. 12:30

## **6. Innri starfsemi Vatnajökulspjódgarðs**

Hjörleifur Finnsson kom á fundinn kl. 13.20 og kynnti hugmyndir þjóðgarðsvarða um skipulag á innri starfsemi Vatnajökulspjódgarðs. Höfðu þau farið yfir hugmyndir sem formaður lagði fram á síðasta fundi stjórnar og gert tillögur til breytinga. Stjórn þakkar þjóðgarðsvörðum fyrir vinnu þeirra.

## **7. Þjóðgarðsvörður Norðursvæðis - kynning**

Hjörleifur kynnti starfsemi og rekstur á Norðursvæði árið 2011. Í máli sínu kom hann m.a. inn á framkvæmdir, rekstur upplýsingamiðstöðvar, komu gesta og fleira. Hjörleifur vék af fundi kl. 15.50

## **8. Önnur mál**

### **• Samráð um samgöngur**

Kristveig fór yfir stöðuna í vinnunni. Von er á niðurstöðu hópsins í nóvember og von á að málið komist á dagskrá stjórnar í desember. Snorri greindi frá samtölum sínum við fulltrúa í þessum hópum.

Í kjölfarið skapaðist mikil umræða um Vonarskarð, för fólks um þjóðgarðinn og víðerni í Vatnajökulsþjóðgarði.

- *Stjórnunar- og verndaráætlun*

Elín Heiða gerði grein fyrir framvindu við gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Eldgjá og Langasjó. Sagði að stöðuskýrslu að vænta í desember. Lýsti hún hugmynd að samráðsferli. Ræddi Elín um nauðsyn þess að setja atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn, ekki síst fyrir umrætt svæði, þar sem talvert er um atvinnustarfsemi.

Snorri óskaði eftir að haft verði samráð við frjáls félagasamtök á fyrstu stigum vinnunnar þannig að ekki verði búið að móta hugmyndir þegar þeim verði boðinn aðild að vinnunni. Rætt var um að nota heimasíðu þjóðgarðsins sem upplýsingagátt um samráðið.

- *Aðgerðaáætlun*

Þórður kynnti aðgerðaáætlun. Unnin hafa verið fyrst drög fyrir þjóðgarðinn í heild og einstök svæði. Framkvæmdir og verkefni eru gróft kostnaðarmetin.

Stjórn þakkar fyrir framkomna áætlun.

- *Framvinda verkefna milli stjórnarfunda*

Kristveig fór stuttlega yfir framvindu verkefna á milli stjórnarfunda.

- *Beiðni um leyfi til að lýsa upp Svínafellsjökul*

Stjórn fagnar hugmyndinni, en áréttar að við undirbúning og framkvæmdina verði tekið fullt mið af lögum og reglum um Vatnajökulsþjóðgarð. Skilyrði er að landinu verði skilað í sama ástandi og komið var að því.

- *Landsvæði við Dettifoss að vestan, staða samninga, deiliskipulag*

Þórður upplýsti að framkvæmdir á salernisaðstöðu við Dettifoss séu ekki hafnar þar sem ekki hefur náðst niðurstaða með landeigendum um leigu eða kaup á landinu. Upplýst að landið að Selfossi sé í eigu sömu aðila. Sagði Böðvar að svæðisráð hafi tekið umrætt land til skoðunar og rætt um að gera þurfi samkomulag við landeigendur um gerð deiliskipulags á svæðinu og framkvæmdir á grundvelli þess.

Vísað til áframhaldandi vinnu framkvæmdastjóra og formanns svæðisráðs.

- *Fundur með stjórn Vina Vatnajökuls 1. nóv*

Kom fram að formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri hafi fundað með Vinum Vatnajökuls fyrir á árinu. Stefnt er að fundi stjórna þjóðgarðsins og Vinanna 1. nóvember nk.

- *Umsókn um aðild að Europarc og önnur erlend samskipti*

Frestað.

- *Efnistaka á hálandinu.*  
Frestað.

## **9. Næsti stjórnarfundur**

Næsti fundur verður 1. nóvember í Reykjavík, samhliða honum fundur stjórnar Vina Vatnajökuls

Fundi slitið klukkan 17:00